

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 10. október 2022

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður

Efni: Umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023, 2. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands vilja koma að eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.

28. gr. frv., hækkun gjalda á umbúðir

Með ákvæðinu er lögð til ný gjaldtaka á umbúðir úr málmi 25 kr./kg. og umbúðir gerðar úr viði 10 kr./kg. auk þess sem lögð er til tvöföldun og hátt í þreföldun á úrvinnslugjaldi á umbúðir gerðar úr pappa og plasti. Þannig fer úrvinnslugjald á pappaumbúðir úr 22 kr./kg. í 42 kr./kg. og úrvinnslugjald á plastumbúðir fer úr 30 kr./kg. í 82 kr./kg.

Hér er um að ræða aðföng sem að stórum hluta eru notuð í innlendri matvælaframleiðslu og því mun slík hækkun hafa áhrif á framleiðslukostnað.

29. gr. frv., hækkun gjalda á heyrúlluplast

Með ákvæðinu er lagt til að úrvinnslugjald á heyrúlluplast hækki úr 30 kr./kg. í 82 kr./kg. Ólíklegt verður að telja að birgjar geti tekið slíka hækkun af framlegð vörunnar til að halda útsöluverði heyrúlluplasts til bænda óbreyttu. Færist öll hækkunin á útsöluverð má gera ráð fyrir að, sem dæmi, meðal kúabæ þurfi að greiða á bilinu 150-200.000 kr. meira fyrir heyrúlluplast vegna fóduröflunar á árinu 2023. Skýtur þetta nokkuð skökku við í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur á þessu ári brugðist við neyðarástandi í landbúnaði vegna hækkunar aðfanga í formi bæði áburðargreiðslna og spretthópsgreiðslna til bænda til að mæta auknum útgjöldum. Þá hefur ríkisstjórnin skýr markmið um að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar m.a. með öflugri innlendri landbúnaðarframleiðslu en slíkum markmiðum verður ekki náð með gjaldtöku á við þá sem hér er boðuð.

Bændasamtök Íslands leggjast því eindregið gegn framangreindum hækkunum, sbr. frumvarp á þingskjali 2.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur